

## Umsögn um:

### 148. löggjafarþing 2017-2018. Þingskjal 197 — 127. mál.

#### Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu).

Undirritaðir verkefnastjórar hjá Reykjavíkurborg sem sinna forvörnum í hverfum borgarinnar hafa kynnt sér frumvarpið og gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Að breyta fyrirkomulagi á sölu áfengis á Íslandi er líklegt til að hafa viðtæk neikvæð áhrif á velferð þjóðarinnar og þá ekki síst á börn og unglínga. Þar sem fyrir liggur að aukið aðgengi að áfengi eykur neyslu á áfengi. Aukin neysla á áfengi hefur ekki einungis slæm heilsufars og félagsleg áhrif á þann sem neytir þess heldur einnig neikvæð áhrif á fjölskyldu viðkomandi og þá sérstaklega á börnin.

Einnig er óljóst hvernig eftirlit með heimabruggun yrði háttað. Áfengi er engin venjuleg neysluvara og því mikilvægt að áfengi verði áfram selt samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, sem hefur hamlandi áhrif á aðgengið og um leið neysluna.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ber stjórnvöldum að hafa það sem er börnum og unglíngum fyrir bestu að leiðarljósi og tryggja þeim vernd. Barnasáttmálinn leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið geri sitt til að forða börnum frá neyslu áfengis með því að leggja áherslu á forvarnir og reglur. Ísland er eitt fárra landa í heiminum sem hefur lögfest Barnasáttmálann og ætti því að taka skuldbindingar sem í honum felast af alvöru. Með hliðsjón af Barnasáttmálanum er vert að spyrja hvort það sé börnum fyrir bestu að auka aðgengi að áfengi með því að leyfa heimabruggun? Hafa ber í huga að aukin áfengisneysla foreldra og forsjáraðila getur raskað öruggu og barnvænu umhverfi.

Við sem vinnum að forvörnum barna og unglínga í Reykjavík viljum vekja athygli á því að frumvarpið fer gegn stefnu Reykjavíkurborgar í forvörnum. Í stefnu Reykjavíkurborgar er það alveg skýrt að forvarnarstarf er aldrei unnið í eitt skipti fyrir öll, heldur þurfa allir sem koma að forvörnum að halda vöku sinni og taka tillit til allra þátta sem geta haft áhrif á líðan og hegðun barna og unglínga. Rannsóknir á áfengisneyslu meðal íslenskra ungmenna síðastliðin tuttugu ár sýna fram á að við höfum náð mjög góðum árangri og ölvunardrykkja meðal íslenskra ungmenna er mjög lítil miðað við jafnaldra þeirra í Evrópu. Þessi árangur hefur náðst með samstilltu átaki foreldra, stofnana og félagasamtaka, sem vinna með unga fólkinu og takmörkuðu aðgengi að áfengi. Er ekki mikilvægt að gera allt sem í okkar valdi stendur til að viðhalda þessum góða árangri?

Við skorum á þingmenn að hafna frumvarpinu um afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu á forsendum velferðar barna og lýðheilsu markmiða.

Reykjavík, 21. mars 2018.

Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarði - Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Helga Margrét Guðmundsdóttir, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis  
Sara Ósk Rodríguez Svönuðóttir, Miðgarði – Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness  
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Svandís Unnur Sigurðardóttir, Þjónustumiðstöð Breiðholts  
Trausti Jónsson, Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts